

STJÓRNARTÍÐINDI B106 – 2002

Nr. 667

1750

12. september 2002

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 542/2000 um kaffi, kaffikjarna og kaffibæti.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Aðferðir til greiningar á kaffikjarna og kaffibæti skulu vera viðurkenndar.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Reglugerð þessi er sett með stöð 16. og 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Einnig var höfð hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í II. viðauka XII. kafla: tilskipun 99/4/EB og 2001/54/EB.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 12. september 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Stefánsdóttir.

Nr. 668

19. september 2002

REGLUGERÐ

um togbrautarbúnað til fólksflutninga.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um togbrautarbúnað til fólksflutninga ásamt öryggisíhlutum og undirkerfum, sbr. þó bráðabirgðaákvæði.

Reglugerð þessi gildir ekki um:

- fólkslyftur og fólks- og vörulyftur,
- hefðbundna strengjadregna sporvagna,
- búnað sem er notaður í landbúnaði,
- staðbundinn eða færanlegan búnað sem notaður er á sýningarsvæðum og/eða í skemmtigörðum og er ætlaður til skemmtunar en ekki til fólksflutninga,
- námubúnað eða staðbundinn búnað sem er notaður í iðnaði,
- strengjadregnar ferjur,